



Fræðslusjóður HSP

1. grein
Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður HSP
2. grein
Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraði til framdráttar.
3. grein
Aðalstjórn HSP sér um úthlutanir úr sjóðnum.
4. grein
Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri/starfsmaður HSP.
5. grein
Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Ársþing HSP ákveður framlag til sjóðsins ár hvert að lágmarki kr. 150.000.-
 - b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
6. grein
Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Umsóknir vegna yfirstandandi árs þurfa að berast skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði fyrir 15. nóvember ár hvert og skulu undirritaðar/staðfestar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Skila þarf staðfestingu á greiðslu námskeiðsgjalda með umsókn.
7. grein
Styrkupp hæðir skulu taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins og skal sjóðstjórn setja sér vinnureglur varðandi úthlutun. Styrkupp hæðir geta þó aldrei numið hærrí upphæð en útlögðum kostnaði styrkþega. Sjóðstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.
8. grein
Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar HSP þar sem gerð er grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins.

Samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

Breytingar samþykktar á 12. ársþingi HSP í Skjólbrekku 10. mars 2019